



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudagur 22. október 2019 á Kjóavöllum.

17. fundur

Fundur hófst kl. 17:0

Mættir: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Auður Stefánsdóttir, Magnús Benediktsson, Lárus Finnbogason, Sverrir Einarsson, Margrét Tómasdóttir, Ólafur Karl Eyjólfsson.

Kristján Ríkharðsson boðaði forföll.

Gestir fundarins Kristbjörg Hjaltadóttir og Matthildur Kristjánsdóttir

Á þessum 17. fundi stjórnar var eftirfarandi tekið fyrir:

1. Formaður, gjaldkeri og framkvæmdastjóri fóru á fund LM kynntu skipulag Sprettssvæðisins LM2022 fyrir stjórn LM. Stefnt að undirritun samning í byrjun nóvember.
2. Það gengur vel að fá kennara í kennslu á haustmisseri. Skráning hafin.
3. Samþykkt að viðurkenningar fyrir barna og unglingflokk verði gefnar á uppskeruhátíð æskunnar í Spretti. Vinna þetta með æskulýðsnefndinni
4. Framkvæmdastjóri sagði frá bingo sem var haldið 10. október með Sigga Hlö. Gekk vel, fyrirtæki gáfu góða vinninga. Ein af fjáröflunum félagsins sem verður að halda vel við.
5. Framkvæmdastjóri upplýsti um lagfæringar á vegum sem Kópavogsbær sér um.
6. Framkvæmdastjóri kynnti lokun á Samskipahöllinni 2.-6. desember. Þá verður sett vökvunarkerfi í höllina.
7. Rætt um viðurkenningar til knapa fullorðinsflokk. Auður tekur málið að sér
8. Rætt um skólaverkefni í Kópavogi, félagshesthús, námskeið fyrir börn o.fl.
9. Gestir fundarins mættu kl 18 til að ræða stofnun félags sprettskvenna. Þær stefna ekki að því að endurvekja gömlu kvennadeildina en vilja að konur eflist í félaginu, safnað verði fyrir góðu félagsstarfi kvenna og fræðslu fyrir konur. Rætt um að allt sem þær nefndu væri markmið fyrir alla féлага félagsins, og þær spurðar hvor konur finni sig ekki í t.d. fræðslu félagsins? Þær voru aðeins með misjafnar áherslur þannig að umræða þarf að vera meiri um málið hjá þeim. En ekki er hægt að stofna annað félag með sér kennitölu innan Sprettis.

Fundi slitið kl. 19:30

Fundargerð ritaði Margrét Tómasdóttir